

Gerð er tillaga að íbúðabyggð á svæði sem afmarkast af Vörðubergi í norðri, Garðabæ í austri, Tinnubergi í suðri og Hamrabergi í vestri. Umrætt svæði er skv. staðfestu aðalskipulagi ætlað undir iðnaðar- og þjónustubyggð.

Þann 22. september '86 féllst skipulagsnefnd Hafnarfjarðar á tillögu Björns Hallssonar að deiliskipulagi iðnaðar- og þjónustubyggðar á svæðinu. Tillagan var síðan samþykkt í bæjarstjórn þann 30. september '86.

Þann 6. maí '93 samþykkti bæjarráð að breyta landnotkun á svæðinu úr atvinnusvæði í íbúðasvæði. Ákveðnum aðila var veitt viljrði um svæðið og hefur skipulagsgerðin verið unnin í samvinnu við hann.

Á fundi sínum þann 13. september '93 fól skipulagsnefnd Hafnarfjarðar skipulagsdeild að ganga frá endanlegri deiliskipulagstillögu að svæðinu.

Tillagan gerir ráð fyrir 18 tveggja hæða íbúðarhúsum (par-, raðhús), með innbyggðum bílskúr. Stærð húsanna er 160 m² brúttó. Gera skal ráð fyrir tveimur bílastæðum við hvert hús.

Á nügildandi skipulagi er svæði þetta aðskilið frá íbúðasvæði við Stuðlaberg um Tinnuberg, götu sem hugsuð er sem framtíðatenging við Garðabæ. Lagt er til í nýrri tillögu að fella þessa götu niður sem slíka og breyta henni í 3 m akfæran göngustíg til þess að tryggja íbúum aðkomu að baklóðum. Ný tenging inn á svæðið er hugsuð ca. 25 m norðan ofangreindrar götu og er lagt til að nafnið Tinnuberg flytjist yfir á þessa nýju götu. Við þessa götu standa 6 íbúðarhús skv. tillögunni. Hin 12 íbúðarhúsin fá aðkomu frá Vörðubergi, gegnt fyrirhugaðri bensinstöð/þvottastöð. Lagt er til að framtíðartenging í Garðabæ verði um Vörðuberg.

Á milli íbúðabyggða og bílaþjónustustöðvar skal gera gróðurvaxna mön til aðgreiningar.



Skipulagsuppráttur þessi var samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar hinn 0.10. 1993.

Hafnarfirði: *Ingvor Ólafsson*
Ingvar Viktorsson, bæjarstjóri

Skipulagsuppráttur þessi var samþykktur skipulagsstjóra ríkisins í samræmi við gr. 4.4.1. skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Reykjavík: 13. júlí 1994 *Stefán Thors*
Stefán Thors, skipulagsstjóri